

Fóðurhreðka (*Raphanus sativus* var. *oleiferus*)

Enska; Radish, danska; Radis, Ræddike, norska; Reddik, sænska; Rädisa

Tegundalýsing og kjörlendur

Fóðurhreðkur eru sömu tegundar og radísur en eru stærri og grófari en þær. Þær eru til sem sumar- og vetrareinærar en sumarafbrigðið er eingöngu ræktað hér á landi. Fóðurhreðkur eru hávaxnar, blómstra snemma og hafa litla forðarót (hreðku). Blómin eru krossblóm með stórum krónublöðum, bleikgul til hvít með greinilegum taugum. Stöngullinn er frekar sver. Blöð fjaðurskipt neðst en heil efst.

Fóðurhreðkur vaxa eingöngu í ræktunarlandi þar sem þeim er sáð.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Fóðurhreðkur eru lítið ræktaðar hér á landi sem annars staðar en eru harðgerðar og hraðvaxta. Þær eru eingöngu ræktaðar til beitar. Þær þurfa mjög stuttan vaxtartíma, eða 50-60 daga áður en þær fara í kynvöxt. Þá tréna þær mjög hratt sem veldur því að mögulegur nýtingartími til beitar verður mjög stuttur. Þær þola illa þurrka og kálflugu.

Ræktunarleiðbeiningar

Fóðurhreðkur gera ekki eins miklar kröfur til jarðvegs og annað kál (repja, næpa, mergkál) þó að best sé að rækta þær í góðum vallendis- eða mýrar-jarðvegi og þar sem súrustig er frekar hátt. Best er að sá þeim í nýbrotið tún. Plæging er mikilvæg en þar sem hreðkur eru eingöngu fyrir beit má jarðvinnslan vera að öðru leiti gróf áður en sáð er. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Þúsundkorna þyngd er 6-10 g og ráðlagt sáðmagn er 10 – 15 kg á ha, sáðdypt 1 - 2 cm og sáðtími frá maí til júlí. Best er að dreifsá á yfirborðið með áburðinum. Upplýsingar um heppilega áburðarskammta fyrir græn fóður má slá upp í Handbók bænda en mikilvægt er að bera vel á af fosfór ef hreðkurnar eru ræktaðar í nýbrotnu túni.

